

Norðurál Grundartangi ehf.

Ársreikningur

2024

Norðurál Grundartangi ehf.

Ársreikningur

2024

Efnisyfirlit

Áritun óháðs endurskoðanda	2-4
Skýrsla stjórnar	5-6
Rekstrarreikningur	7
Efnahagsreikningur	8
Yfirlit um sjóðstreymi	9
Skýringar	10-20

Öndurskoðuð fylgiskjöl:

Stjórnarháttayfirlýsing	21-23
Ófjárhagsleg upplýsingagjöf	24-32

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa Norðurál Grundartanga ehf.

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Norðurál Grundartanga ehf. fyrir árið 2024. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2024, efnahag þess 31. desember 2024 og breytingu á handbæru fé á árinu 2024, í samræmi við lög um ársreikninga.

Álit okkar er í samræmi við þær upplýsingar sem koma fram í endurskoðunarskýrslu okkar til endurskoðunarnefndar í samræmi við 11. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 537/2014.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér að neðan. Við erum óháð Norðurál Grundartanga ehf. í samræmi við alþjóðlegar siðareglur fyrir endurskoðendur sem og aðrar siðareglur sem eru viðeigandi við endurskoðun á Íslandi, og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra reglna. Þar með talið, í samræmi við okkar bestu þekkingu, höfum við ekki veitt Norðurál Grundartanga ehf. óheimilaða þjónustu sem um getur í 1. mgr. 5. gr reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 537/2014.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Megináherslur við endurskoðunina

Megináherslur við endurskoðunina eru þau atriði, sem að okkar faglega mati, hafa mesta þýðingu fyrir endurskoðun okkar á ársreikningi félagsins árið 2024. Þessi atriði voru yfirfarin við endurskoðun á ársreikningnum og höfð til hliðsjónar við ákvörðun á viðeigandi álit á hann. Í áritun okkar látum við ekki í ljós sérstakt álit á hverju þeirra fyrir sig.

Megináherslur við endurskoðun	Hvernig við endurskoðuðum megináherslur
Vörubirgðir	
Verðmæti vörubirgða er USD 170,2 milljónir og önnur stærsta eign félagsins. Birgðir eru annað hvort metnar á kostnaðarverði eða hreinu söluvirði, hvort sem lægra er. Kostnaður samanstendur af beinum efniskostnaði og þar sem það á við beinum launakostnaði við framleiðslu og almennum kostnaði. Þar sem það eru flækjustig og mismunandi matsaðferðir byggðar á eðli birgða höfum við metið birgðir sem megináherslu í endurskoðun okkar.	Endurskoðun okkar beindist að verðmati stjórnenda á birgðum í árslok 2024. Í endurskoðun okkar fórum við yfir matsaðferðir félagsins og helstu forsendur stjórnenda fyrir verðmatinu, þar á meðal: - Áætlanir sem hreint söluvirði byggist á. - Mat á aðferðafræði við mælingar á kostnaði og þar sem við á beinum launakostnaði og almennum kostnaði.
Að því er varðar mat á virði vörubirgða vísum við í skýringu 10 um vörubirgðir og skýringu 22 um mikilvægar reikningsskilaaðferðir.	Við metum hvort matsútreikningar hafi verið gerðir í samræmi við undirliggjandi reikningsskilaaðferð og reglur á Íslandi. Að auki höfum við lagt mat á innra eftirlit félagsins varðandi verðmat á birgðum, þar með talið tilvist birgða.

Áritun óháðs endurskoðanda

Aðrar upplýsingar

Stjórn og framkvæmdastjóri bera ábyrgð á öðrum upplýsingum. Aðrar upplýsingar innifela skýrslu stjórnar, stjórnarháttayfirlýsingu og ófjárhagslega upplýsingagjöf.

Álit okkar á ársreikningnum nær ekki yfir aðrar upplýsingar og við ályktum hvorki um, né veitum staðfestingu á efni þeirra ef frá er talin sú staðfesting varðandi skýrslu stjórnar sem fram kemur hér að neðan.

Í tengslum við endurskoðun okkar ber okkur að lesa framangreindar aðrar upplýsingar og skoða hvort þær séu í verulegu ósamræmi við ársreikninginn eða þekkingu okkar sem við höfum aflað við endurskoðunina eða virðast að öðru leyti innifela verulegar skekkjur. Ef við komumst að þeirri niðurstöðu, byggt á þeirri vinnu sem við höfum framkvæmt, að það séu verulegar skekkjur í öðrum upplýsingum sem við fengum fyrir áritunardag ber okkur að skýra frá því. Það er ekkert sem við þurfum að skýra frá hvað þetta varðar. Þessu til viðbótar í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins eru stjórn og framkvæmdastjóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi Norðurál Grundartanga ehf. Ef við á, skulu stjórn og framkvæmdastjóri setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna þau ákváðu að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema stjórn og framkvæmdastjóri hafi ákveðið að leysa félagið upp eða hætta starfsemi, eða hafi enga aðra raunhæfa möguleika.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar.

Nægjanlega vissa er þó ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitum við gagnrýnni hugsun við endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.
- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.
- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.
- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar við ársreikninginn með tilliti til glöggrar myndar.

Áritun óháðs endurskoðanda

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins (framhald)

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn og endurskoðunarnefnd meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirlit sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Við höfum einnig lýst því yfir við stjórn og endurskoðunarnefnd að við höfum uppfyllt skyldur siðareglna um óhæði og höfum miðlað til þeirra upplýsingum um tengsl eða önnur atriði sem gætu mögulega haft áhrif á óhæði okkar og þar sem viðeigandi er, hvaða varnir við höfum sett til að tryggja óhæði okkar.

Jafnframt því að sinna skyldum okkar sem kjörnir endurskoðendur félagsins hefur Deloitte veitt félaginu ýmsa aðra heimilaða þjónustu svo sem könnun árshlutareiknings, aðstoð við þýðingu á ársreikningi og tilfallandi reikningsskilaráðgjöf. Deloitte hefur til staðar innri ferla til að tryggja óhæði sitt áður en við tökum að okkur að veita aðra heimilaða þjónustu. Deloitte hefur staðfest skriflega við endurskoðunarnefndina að við erum óháð Norðurál Grundartanga ehf.

Af þeim atriðum sem við höfum upplýst stjórn og endurskoðunarnefnd um, lögðum við mat á hvaða atriði höfðu mesta þýðingu í endurskoðuninni á yfirstandandi ári og eru það megináherslur í endurskoðuninni. Við lýsum þessum atriðum í áritun okkar nema lög og reglur leyfi ekki að upplýst sé um slík atriði eða í undantekningartilfellum þegar endurskoðandinn metur að ekki skuli upplýsa um viðkomandi atriði þar sem neikvæðar afleiðingar upplýsinganna eru taldar vega þyngra en almannahagsmunir.

Deloitte var kjörið endurskoðandi Norðurál Grundartanga ehf. á aðalfundi félagsins þann 29. apríl 2024. Deloitte hefur verið endurskoðandi Norðurál Grundartanga ehf. síðan á aðalfundi félagsins ársins 2004.

Kópavogur, 30. apríl 2025

Deloitte ehf.

Páll Daði Ásgeirsson

Páll Daði Ásgeirsson
Löggildur endurskoðandi

Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra

Norðurál Grundartangi ehf. rekur álver á Grundartanga, Íslandi og framleiðir ál á ábyrgan, öruggan og skilvirknan hátt. Gæðastjórnun er háð reglulegum úttektum og stöðugum umbótum. Allt starfsfólk er hvatt til að taka þátt í að viðhalda og bæta gæði framleiðslunnar á öllum sviðum.

Norðurál Grundartangi ehf. hefur hlotið hina alþjóðlegu ASI vottun (Aluminium Stewardship Initiative) um umhverfisvæna og ábyrga framleiðslu, fyrst þeirra álfyrirtækja sem starfa á Íslandi. Vottunin staðfestir að félagið stenst ítrustu kröfur um heiðarlega og ábyrga viðskiptahætti, umhverfisvænt hráefni og framleiðslu. Gæðastjórnunarkerfi félagsins er vottað samkvæmt alþjóðlegu ISO 9001 staðlinum. Umhverfis- og öryggisstjórnunarkerfi eru vottuð samkvæmt alþjóðlegu ISO 14001 og ISO 45001 stöðlunum. Stöðugt endurmat og endurbætur á ferlum fyrirtækisins á sviði umhverfis- og öryggismála er tryggt. Norðurál Grundartangi ehf. hefur innleitt ÍST 85:2012 staðalinn sem sýnir að hjá fyrirtækinu er starfsfólki greidd laun eftir ábyrgð, sérþekkingu og vinnuframlagi, ekki kyni eða uppruna og þar að auki hlaut félagið Jafnlaunavottun PwC.

Framleiðsla Norðuráls Grundartanga ehf. fyrir árið 2024 var 308.335 tonn (Steyptur málmur 309.546 tonn) samanborið við 310.421 tonn (Steyptur málmur 311.691 tonn) framleitt á árinu 2023 en samdráttur í framleiðslu ársins 2024 samanborið við árið 2023 má aðallega rekja til aukins umfangs orkuskiots til félagsins árið 2024 samanborið við árið 2023.

Rekstrartekjur Norðuráls Grundartanga ehf. árið 2024 voru USD 793 milljónir (2023: USD 827 milljónir) sem samsvarar 4% lækkun á milli ára sem má aðallega rekja til lægra sölumagns þó að tekjur hafa aukist vegna hærri verðs á mörkuðum. Rekstrarhagnaður ársins 2024 fyrir fjármagnsliði og afskriftir nam USD 71 milljónir (2023: USD 76 milljónir). Hagnaður Norðuráls Grundartanga ehf. á árinu 2024 nam USD 17 milljónum (2023: tap USD 42 milljónir). Samkvæmt efnahagsreikningi nema eignir félagsins í árslok 2024, USD 1.105 milljónir (2023: USD 1.210 milljónir), bókfært eigið fé í árslok 2024 var USD 690 milljónir (2023: USD 808 milljón) og er eiginfjárhlutfall félagsins í lok árs 2024 63% (2023: 67%).

Rekstrarafkoma félagsins er háð á verði á alþjóðamarkaði fyrir ál sem getur verið sveiflukenndur og háður mörgum þáttum sem félagið hefur ekki stjórn á. Verð á seldu áli samanstendur af þremur þáttum: (i) grunnverði, sem byggir á skráðu verði á LME markaði; auk (ii) álagi sem leggst við verð þegar selt er til Evrópu; auk (iii) hvers kyns virðisaukandi álags. Hver þessara þriggja þátta hafa sína eigin drifkrafta á breytileika. Verð á áli ræðst af ýmsum þáttum, þar á meðal framboði og eftirspurn á heimsvísu, birgðastigi, spákaupmennsku markaðsaðila, hvað er framleitt á alþjóðlegum mörkuðum, pólitískum og efnahagslegum aðstæðum, svo og hráefnis- og öðrum framleiðslukostnaði. Þessir þættir geta verið mjög breytilegir sem erfitt er að spá fyrir um, sem getur leitt til verulegra sveiflna á verði á mörkuðum.

Versnandi efnahagsástand á heimsvísu getur haft slæm áhrif á eftirspurn og þar með á verð á áli. Hvers konar óvissa, þar á meðal stigmögnun svæðisbundinna átaka, meiriháttar lýðheilsuvandamál eða aðrir óvæntir atburðir sem gæti leitt til samdráttar á eftirspurn eftir áli. Slíkir atburðir geta einnig haft valdið truflunum á starfsemi, á aðfangakeðju eða haft áhrif á framboð á vinnuafli.

Lækkun á verð á áli gæti valdið því að dregið sé úr framleiðslu eða til þess að gripið verði til aðgerða til að draga úr framleiðslukostnaði, þar með talið frestun á fjárfestingum og viðhaldskostnaði og mögulega fækkun á fjölda starfsmanna. Framangreint getur haft skaðleg áhrif á lausafjárstöðu félagsins, möguleika á aðgengi að lánsfjármagni og á rekstrarafkomu félagsins.

Raforka er einn af stærsti þátturinn í framleiðslukostnaði áls. Þar af leiðandi er framboð á raforku og að hún sé á samkeppnishæfu verði, mikilvægt fyrir starfsemi félagsins. Truflanir á raforkuafhendingu hefur verulega áhrif á rekstur og rekstrarafkomu félagsins.

Launakostnaður, opinber gjöld og ákveðinn annar kostnaður er í íslenskum krónum á meðan meirihluti tekna okkar er í USD. Þessir þættir tengjast allir eðlilegri starfsemi félagsins. Óhagstæðar breytingar á þessum þáttum gætu haft verulega áhrif á rekstrarafkomu félagsins.

Árið 2021 kynnti félagið áform um byggingu nýs boltasteyppuskála á Grundartanga. Verkefnið hófst síðla árs 2021 og framleiðsla hófst á öðrum ársfjórðungi 2024.

Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra

Norðurál Grundartangi ehf. er í eigu Norðurál ehf. sem er í eigu erlends móðurfélags, Century Aluminum. Erlent eignarhald mótar stefnu félagsins í stjórnarháttum að vissu marki. Century Aluminum gefur út innri leiðbeiningar um stjórnarhætti sem eru aðgengilegar á heimasíðu félagsins, sem eiga við Norðurál Grundartanga ehf. Century Aluminum er hlutafélag skráð í NASDAQ kauphöllinni undir táknu „CENX“ og sem slíkt félag verður það að fylgja ströngum reglum um stjórnarhætti eins og sést af birtum innri leiðbeiningum um stjórnarhætti. Norðurál Grundartangi ehf. fylgir þessum innri leiðbeiningum sem og öllum viðeigandi íslenskum lögum og reglum sem varða stjórnarhætti félagsins. Nánari upplýsingar um stjórnarhætti fyrirtækja og ófjárhagslegar upplýsingar er að finna í viðauka við ársreikninginn.

Eini hluthafi Norðuráls Grundartanga ehf. er Norðurál ehf. eins og í upphafi árs.

Yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

Ársreikningur Norðuráls Grundartanga ehf. er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur.

Stjórn félagsins leggur til greiðslu á arði til hluthafa vegna rekstrarársins 2024 að fjárhæð USD 50 milljónir en vísar að öðru leyti í ársreikninginn um breytingar á eigin fé félagsins og ráðstöfun hagnaðar.

Það er álit stjórnar og framkvæmdastjóra Norðuráls Grundartanga ehf. að í ársreikningi þessum komi fram allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins í árslok 2024, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu.

Stjórn og framkvæmdastjóri Norðuráls Grundartanga ehf. staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2024 með undirritun sinni.

Reykjavík, 30. apríl 2025

Í stjórn

John DeZee

Gunnar Guðlaugsson

Sigrún Helgadóttir

Rob Hofmann

Hólmfríður Kristjánsdóttir

Framkvæmdastjóri

Gunnar Guðlaugsson

Rekstrarreikningur ársins 2024

	Skýr.	2024	2023
Rekstrartekjur		793,304	826,751
Framleiðslukostnaður		(721,969)	(750,441)
Afskriftir	8	(37,386)	(32,560)
Rekstrarhagnaður		33,948	43,751
Hlutdeild í afkomu dóttur- og hlutdeildarfélögum	12	(3,248)	1,550
Fjármunatekjur		4,616	8,884
Hrein gjöld af afleiðusamningum	17	(3,035)	(98,317)
Fjármagnsgjöld	6	(11,319)	(5,390)
Gengismunur		1,990	(3,123)
Hagnaður (tap) fyrir skatta		22,953	(52,645)
Tekjuskattur	7	(5,466)	10,498
Hagnaður (tap) ársins		17,487	(42,147)

Efnahagsreikningur 31. desember 2024

Eignir	Skýr.	31.12.2024	31.12.2023
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir	8	796,382	900,255
Lán til tengdra félaga	11	22,400	25,600
Eignarhlutur í dóttur- og hlutdeildarfélagum	12	73,285	76,533
Aðrir fastafjármunir		1,879	756
		893,946	1,003,144
Veltufjármunir			
Vörubirgðir	10	170,205	128,845
Viðskiptakröfur	9	26,526	10,161
Lán til tengdra félaga	11	3,460	3,519
Afleiðueign	17	0	2,989
Aðrar skammtímakröfur	9	6,651	9,399
Handbært fé	9	3,846	52,096
		210,689	207,009
Eignir		1,104,635	1,210,153
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé			
	13		
Hlutfé		146,988	146,988
Yfirverðsreikningur hlutafjár		117,964	117,964
Lögbundinn varasjóður		49,220	49,568
Endurmatsreikningur		245,185	343,469
Óráðstafað eigið fé		129,589	148,809
Aðrir eiginfjárreikningar		1,097	1,246
Samtals eigið fé		690,043	808,044
Langtímaskuldir og skuldbindingar			
Vaxtaberandi langtímaskuldir	16	114,175	99,971
Leiguskuldir	19	1,031	1,181
Tekjuskattsskuldbinding	14	125,313	146,389
		240,519	247,541
Skammtímaskuldir			
Viðskiptaskuldir	15	87,686	75,798
Ógreiddir reiknaðir skattar	7.14	5,168	18,290
Næsta árs afborgun leiguskulda	19	1,297	1,003
Afleiðuskuld	17	0	69
Vaxtaberandi skammtímaskuldir	16	69,815	50,415
Aðrar skammtímaskuldir		10,107	8,993
		174,073	154,568
Samtals skuldir		414,592	402,109
Samtals eigið fé og skuldir		1,104,635	1,210,153

Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2024

	Skýr.	2024	2023
Rekstrarhreyfingar			
Rekstrar hagnaður (tap)		17,487	(42,147)
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi			
Afskriftir		37,386	32,560
Tekjuskattur	7	5,466	(10,498)
Hlutdeild í (hagnaði)tapi dóttur- og hlutdeildarféлага	12	3,248	(1,550)
Nettó fjármagnskostnaður		4,713	(371)
Nettó tap af afleiðuviðskiptum	17	3,035	98,317
		<u>71,335</u>	<u>76,310</u>
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:			
Vörubirgðir, breyting		(41,360)	10,476
Viðskiptakröfur, breyting		(13,617)	11,289
Skammtímaskuldir, breyting		9,868	(829)
		<u>26,225</u>	<u>97,246</u>
Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta			
Innborgaðir vextir		4,675	9,328
Greiddir vextir		(10,772)	(5,462)
Innheimt vegna afleiðusamninga		3,020	14,499
Greiddir skattar		(18,111)	(37,375)
		<u>5,037</u>	<u>78,237</u>
Handbært fé frá rekstri			
Fjárfestingahreyfingar			
Keyptir fastafjármunir	8	(39,150)	(78,677)
Sala fastafjármuna	8	0	4
Lán til tengdra aðila		3,200	73,200
Aðrar fjárfestingar		34	(67)
		<u>(35,916)</u>	<u>(5,540)</u>
Fjármögnunarhreyfingar			
Greiddur arður	13	(50,000)	(100,000)
Skuldir við tengda aðila		(17,257)	34,437
Skuldir við lánastofnanir		50,966	6,564
Greiðslur leiguskulda		(1,080)	(859)
		<u>(17,371)</u>	<u>(59,858)</u>
Breyting handbærs fjár			
Handbært fé í upphafi árs		52,096	39,257
Handbært fé í lok árs		<u>3,846</u>	<u>52,096</u>

Skýringar

1. Starfsemi

Norðurál Grundartangi ehf. ("Fyrirtækið" eða "Norðurál Grundartangi") er í eigu Norðurál ehf. Félagið rekur álver á Grundartanga. Norðurál ehf. er í eigu Century Aluminum Company, skráðs bandaríks félags. Norðurál Grundartanga ehf. er hluti af samstæðu Century Aluminum Company og eru fjárhagsupplýsingar þess birtar á heimasíðu félagsins.

Félagið hefur rekstrarleyfi fyrir álframleiðslu allt að 350.000 tonnum á ári. Leyfið var gefið út af Skipulagsstofnun í desember 2015 og gildir til desember 2031.

Framleiðsla álversins var 308.335 tonn af heitum málm í árið 2024 (309.564 tonn af steiptum málm) samanborið við 310.421 tonn framleiðslu af heitum málm í árið 2023 (311.691 tonn af steiptum málm). Samdráttur í framleiðslu ársins 2024 samanborið við árið 2023 má aðallega rekja til aukins umfangs orkuskorts til félagsins árið 2024 samanborið við árið 2023.

2. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur Norðuráls Grundartanga ehf. fyrir árið 2024 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum. Ársreikningurinn er gerður í USD sem er starfrækslugjaldmiðill fyrirtækisins. Allar fjárhæðir eru birtar í þúsundum USD nema annað sé tekið fram.

3. Þýðing á ársreikningi

Þessi ársreikningur er þýdd útgáfa af enskum ársreikningi félagsins sem samþykktur var á hluthafafundi. Íslensk útgáfa er birt með þeim fyrirvara að ef einhver vafi leikur um merkingu eða túlkun á innihaldi hans gildir enska útgáfan

4. Laun og annar starfsmannakostnaður

	2024	2023
Laun	60,220	55,514
Lífeyrissjóður	8,946	8,113
Önnur launatengd gjöld	5,832	3,907
Annar starfsmannakostnaður	731	755
	<u>75,729</u>	<u>68,290</u>
Stöðugildi að meðaltali	645	614

Upplýsingar um laun stjórnenda má finna í skýringum ársreiknings Norðuráls ehf.

5. Kostnaður vegna endurskoðunar

	2024	2023
Deloitte - endurskoðun.....	465	340
PWC - önnur sérfræðiaðstoð.....	2	10
KPMG - önnur sérfræðiaðstoð.....	96	0
	<u>563</u>	<u>350</u>

6. Fjármagnsgjöld

	2024	2023
Vextir til tengdra aðila	2,341	1,312
Vextir af eignaleigusamningum	218	130
Annar fjármagnskostnaður	8,761	3,948
	<u>11,319</u>	<u>5,390</u>

7. Tekjuskattur

	2024	2023
Tekjuskattur	5,168	18,290
Frestaður tekjuskattur	298	(28,788)
	<u>5,466</u>	<u>(10,498)</u>

8. Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

	Leigueignir	Fasteignir og lóðir	Verksmiðju- vélar og tæki	Rekstrarfjár- munir í vinnslu	Samtals
Kostnaðarverð					
Staða í ársbyrjun	5,416	459,097	1,029,039	123,036	1,616,587
Endurflokkun rekstrarfjármuna	0	410,185	(301,425)	(157,166)	(48,406)
Eignfært á árinu	1,224		0	39,150	40,373
Selt og aflagt á árinu			(313)		(313)
Endurmat á fastafjármunum		(80,424)	(26,250)		(106,674)
Staða í árslok	6,640	788,858	701,051	5,019	1,501,568
Afskriftir					
Staða í ársbyrjun	3,280	140,448	572,604		716,332
Endurflokkun rekstrarfjármuna		158,504	(206,909)		(48,406)
Afskrift ársins	1,126	10,019	26,428	0	37,572
Selt og aflagt á árinu			(313)		(313)
Staða í árslok	4,406	308,970	391,810	0	705,186
Bókfært verð					
Bókfært verð í ársbyrjun	2,136	318,649	456,434	123,036	900,255
Bókfært verð í árslok	2,234	479,888	309,241	5,019	796,382
Bókfært verð án endurmats					
Bókfært verð í ársbyrjun	2,136	143,659	202,088	123,036	470,919
Bókfært verð í árslok	2,234	286,269	196,240	5,019	489,762
Afskriftir				31.12.2024	31.12.2023
Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna				37,572	32,746
Afskriftir af hagnaði á framvirkum samningum				(186)	(186)
				37,386	32,560

Árið 2021 ákvað félagið að breyta reikningsskilaaðferð sinni fyrir fasteignir, verksmiðjuvélar og tæki og beita endurmatslíkani eins og heimilt er samkvæmt lögum um ársreikninga. Endurmat til gangvirðis fór fram 31. desember 2021 og var endurmatshækkun færð til hækkunar á bókfærðu virði fyrrgreindra eigna að fjárhæð USD 461,7 milljónir. Endurmatinu var úthlutað hlutfallslega á einstakar endurmetnar eignir.

Samkvæmt lögum um ársreikninga skal endurmat fara fram árlega. Í árslok 2024 var framkvæmt endurmat á verðmæti fastafjármuna til að ákvarða hvort þær eignir hafi orðið fyrir virðisrýrnun. Niðurstaða þess endurmats var að endurmatsverð fastafjármuna væri lægra en bókfært virði þeirra sem nam USD 106,7 milljónum og var sú lækkun færð til lækkunar á endurmatvirði fastafjármuna í ársreikningi og til lækkunar á endurmatsreikningi meðal eigin fjár að teknu tilliti til tekjuskattsskuldbindingar.

Endurmatið var unnið af óháðum faglegum matssérfræðingum út frá nýtingavirði þeirra.

Lykilforsendur við mat á nýtingarvirðinu voru sem hér segir:

Vegin ávöxtunarkrafa fjármagns (WACC) er metin 12,0%. Gert er ráð fyrir að framleiðslugeta verði 311.477 árið 2025 og aukist í 318.000 tonn árið 2028, þar af 120.000 tonn steypt af melmi og 150.000 steypt af boltum. Tekjur miðist við framvirka álsamninga. Framvirki ferillinn á tekjum fer hækkandi á spátímabili og tekjur aukast í kjölfarið. Árlegur vöxtur árin 2025 til 2032 er áætlaður 3,3% og framtíðarvöxtur 2,2% sem endurspeglar langtímaverðbólguvæntingar í Bandaríkjunum, þar sem tekjur félagsins eru í USD.

Rekstrarkostnaður félagsins samanstendur aðallega af súráli, orku, kolefni og vinnuafli. Gert er ráð fyrir í spáforsendum að súrálskostnaður sé hlutfall af LME í samræmi við hlutfall af LME undanfarin ár. Fimm af sex orkusamningum sem fyrirtækið hefur gert munu renna út á næstu sjö árum. Þess vegna er spátímabilið framlengt til að endurnýja þessa raforkusamninga. Gert er ráð fyrir að raforkusamningar verði endurnýjaðir á föstu verði í USD og að þeir hækki í takt við verðbólgu í Bandaríkjunum. Gert er ráð fyrir að kolefniskostnaður fylgi framvirku verði samsvarandi vara. Launakostnaður er framreiknaður miðað við langtímaverðbólgu og væntingar um breytingu á launavísitölu á Íslandi.

8. Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir (Framhald)

Næmigreining gangvirðismat:

Gangvirðismatið er háð ákveðnri matsóvissu þar sem sumar forsendnanna eru ekki beint eða óbeint byggðar á markaðsupplýsingum. Breyting á helstu forsendum sem notaðar eru við ákvörðun gangvirðis hefði haft eftirfarandi áhrif á gangvirðismatið 31. desember 2024:

	Hækkun	Lækkun
Hækkun/(lækkun) í framtíðarvexti 1,0%-stig	28,364	(23,123)
Hækkun/(lækkun) í WACC um 1,0%-stig	(57,222)	69,007
Hækkun/(lækkun) á súrálsvæði sem % af LME um 1,0%-stig	(85,741)	85,741
Hækkun/(lækkun) á EBITDA af rekstri um 1,0%-stig	82,362	(82,362)

9. Aðrar peningalegar eignir

Viðskiptakröfur

	31.12.2024	31.12.2023
Viðskiptakröfur	1,894	8,969
Viðskiptakröfur við tengda aðila	24,632	1,192
	26,526	10,161

Aðrar skammtímakröfur

	31.12.2024	31.12.2023
Virðisaukaskattur	5,605	7,542
Fyrirframgreiddur kostnaður	869	1,584
Fjármagnstekjuskattur	123	134
Aðrar skammtímakröfur	54	140
	6,651	9,399

Handbært fé

Handbært fé félagsins samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

	31.12.2024	31.12.2023
Bankareikningar í USD	3,225	45,021
Bankareikningar í öðrum myntum	621	7,075
	3,846	52,096

Skýringar

10. Vörubirgðir

	31.12.2024	31.12.2023
Ál - fullunnið	42,077	16,596
Ál í kerjum	17,297	19,653
Forskaut	12,460	25,402
Súrál	43,343	28,496
Önnur hráefni	27,411	15,644
Rekstrarvörur	27,618	23,053
	<u>170,205</u>	<u>128,845</u>

11. Lán til tengdra aðila

Lán til tengdra aðila greinast eftirfarandi:

	31.12.2024	31.12.2023
Lán til tengdra aðila	25,860	29,119
Næsta árs afborgun lána til tengdra aðila	<u>(3,460)</u>	<u>(3,519)</u>
Langtímahluti lána til tengdra aðila	<u>22,400</u>	<u>25,600</u>

Lán til tengdra aðila eru á gjalddaga með tuttugu jöfnum greiðslum tvisvar á ári með síðasta gjalddaga árið 2032. Vaxtagreiðslur eru á gjalddaga tvisvar á ári. Vagnir meðalvextir lána til tengdra aðila eru SOFR vextir auk punkta 440 álags.

12. Fjárfesting í dóttur- og hlutdeildarfélögum

Eignarhlutar í dóttur- og hlutdeildarfélögum:	Hlutdeild	Bókfært verð	Hlutdeild 2024	2023
Century Vlissingen Aluminum B.V.	100.00%	73,254	(348)	4,533
Klafi ehf., Grundartanga, flutningsfyrirtæki	50.00%	31	30	(52)
Staða í ársbyrjun			76,533	74,982
Afskrift viðskiptavildar			(2,930)	(2,930)
Hlutdeild í afkomu			<u>(317)</u>	<u>4,481</u>
Staða í árslok			<u>73,285</u>	<u>76,533</u>
Fjárfestingar í hlutdeildarfélögum eru eftirfarandi:			2024	2023
Hlutdeild í eigin fé hlutdeildarfélaga			52,772	53,090
Viðskiptavild			<u>20,513</u>	<u>23,443</u>
Staða í árslok			<u>73,285</u>	<u>76,533</u>

13. Eigið fé

Útgefinn hlutur jafngildir einu atkvæði.

	Hlutfé	Yfirverðs- reikningur	Annað bundið eigið fé	Endurmats reikningur	Óráðstafað eigið fé	Aðrir eigin- fjár reikningar
Eigið fé 1.1.2023	146,988	117,964	45,035	356,415	282,543	1,395
Gjaldmiðlavalréttur, án skatts						(149)
Hlutdeild í afkomu hlutdeildar- félags umfram mótttekinn arð			4,533		(4,533)	
Upplausn á endurmati fastafjármuna				(12,945)	12,945	
Greiddur arður					(100,000)	
Tap ársins					(42,147)	
Eigið fé 1.1.2024	146,988	117,964	49,568	343,469	148,809	1,246
Gjaldmiðlavalréttur, án skatts						(149)
Hlutdeild í afkomu hlutdeildarfélags umfram mótttekinn arð			(348)		348	
Endurmat fastafjármuna				(85,339)		
Upplausn á endurmati fastafjármuna				(12,945)	12,945	
Greiddur arður					(50,000)	
Hagnaður ársins					17,487	
Eigið fé 31.12.2024	146,988	117,964	49,220	245,185	129,589	1,097

Hlutfé fyrirtækisins er samkvæmt samþykktum er USD 163,320 milljónir. Fyrirtækið hefur keypt eigin bréf sem nemur USD 16,332 milljón sem hefur verið fært til lækunar á hlutfé.

Annað bundið eigið fé samanstendur af framlagi í lögbundinn varasjóð, USD 40,83 milljón (2023: 40,83 milljón) og hlutdeild í uppsöfnuðum hagnaði dótturfélaga og hlutdeildarféлага sem er umfram úthlutaðan arð frá viðkomandi félögi, USD 8,390 milljón (2023: USD 8,738 milljón). Samkvæmt lögum um hlutafélög skal félagið binda 25% af nafnverði hlutafjár í varasjóði, sem ekki má nota til að greiða hluthöfum arð.

Endurmat rekstrarfjármuna félagsins er fært á endurmatsreikning meðal eigin fjár. Endurmatið er leyst upp í samræmi við árlegar afskriftir endurmatsins í rekstrarreikningi. Upplausn endurmatsins er fært á óráðstafað eigið fé.

Aðrir eiginfjárreikningar eru vegna lokaðar áhættuvarnargernings þar sem tekið er tillit til líftími undirliggjanda eignar.

Samkvæmt íslenskum lögum er gerð krafa um að greiða í varasjóð vegna afkomu í hlutdeildarfélagum. Bundið eigið fé lækkar eftir greiðslu arðs hjá þessum félögum.

14. Tekjuskattsskuldbinding

	2024	2023
Staða 1.1	146,389	175,214
Reiknaður tekjuskattur ársins	5,466	(10,498)
Frestaður tekjuskattur vegna gjaldeyrissamninga	(37)	(37)
Ógreiddir reiknaðir skattar	(5,168)	(18,290)
Endurmat fastafjármuna	(21,335)	0
Staða 31.12	125,313	146,389

Tekjuskattsskuldbinding greinist þannig á einstaka liði efnahagsreikningsins:

	31.12.2024	31.12.2023
Varanlegir rekstrarfjármunir	123,304	144,711
Aðrir liðir	2,008	1,678
	125,313	146,389

15. Viðskiptaskuldir

	31.12.2024	31.12.2023
Starfrækslugjaldmiðill	54,445	39,380
Aðrir gjaldmiðlar	6,950	5,262
Áfallinn kostnaður	26,291	31,155
	87,686	75,798

Á meðal viðskiptaskulda er skuld við tengda aðila að fjárhæð USD 48,6 milljón í lok árs 2024 (2023: 21,7 milljón).

16. Vaxtaberandi langtímaskuldir

Vaxtaberandi langtímaskuldir greinast eftirfarandi:

	31.12.2024	31.12.2023
Vaxtaberandi skuldir	183,990	150,386
Næsta árs afborgun vaxtaberandi skulda	69,815	50,415
Vaxtaberandi langtímaskuldir	114,175	99,971

Vaxtaberandi lán Norðuráls Grundartanga ehf. innihalda hefðbundna skilmála eins og um takmarkanir á samruna og yfirtökum, ráðstöfun eigna og að það sé farið að lögum og greiðslu álagðra skatta. Jafnframt eru skilmálar um fjárhagslegan styrk sem snúa að lágmarks eiginfjárkröfu. Félagið uppfyllir alla gildandi skilmála í árslok 2024.

Vaxtaberandi lán frá fjármálastofnunum eru tryggðar með veð viðskiptakröfum, birgðum og með veði í fasteignum Norðuráls Grundartanga ehf. á Grundartanga.

Lán frá tengdum aðilum námu USD 0,0 milljón í lok árs 2024 (2023: USD 4,5 milljón). Lánið var í íslenskum krónum og bar 10% vexti.

Norðurál Grundartangi ehf. er með veltuheimild á veltuláni við Landsbankann að fjárhæð USD 100 milljónir. Veltulánið rennur út í desember 2026. Í árslok 2024 voru skuldir vegna ádráttar á veltulánið USD 34,0 milljón.

Á árinu 2021 í tengslum við byggingu á boltasteypuskála á Grundartanga gerði Norðurál Grundartangi ehf. átta ára lánssamning við Arion banka hf. um lántöku, allt að USD 130 milljónum. Samkvæmt lánasamningnum við Arion banka hf. verða afborganir höfuðstóls greiddar með jöfnum ársfjórðungslegum afborgunum sem nemur 1,739% af höfuðstól lánasamnings, fyrsta greiðsla afborgana á sér stað í júlí 2024 en loka greiðsla, 60% af höfuðstól lánasamnings eigi síðar á lokagjalddegi, í janúar 2030. Lánasamningurinn ber vexti sem tekur mið SOFR vöxtum auk álags. Í árslok 2024 hafði verið dregið að fullu á lánið og staðan á láninu nam USD 123,2 milljón.

Í september 2022 gerði Norðurál Grundartanga ehf. lánasamning við Arionbanka um lántöku, allt að EUR 13,6 milljónir. Samkvæmt lánasamningnum mun höfuðstóll lánasamningsins verða endurgreiddur með jöfnum mánaðarlegum afborgunum, fyrsta greiðsla í febrúar 2023 og síðasta greiðsla eigi síðar en janúar 2024. Lánasamningurinn ber vexti sem tekur mið af eins mánaðar EUR Libor vöxtum auk álags. Í árslok 2024 er lánið að fullu greitt.

Árið 2023 gerði Nordural Grundartangi ehf. endurkaupasamning (Repo) við Glencore (tengdur aðili) þar sem félagið seldi 430.000 kolefnisinneigna (ETS einingar) fyrir samtals EUR 35,4 milljónir. Samkvæmt skilmálum viðskiptanna mun Norðurál Grundartangi endurkaupa sama fjölda kolefnisinneigna í mars 2024 á föstu verði EUR 36,0 milljónir. Í mars 2024 varð gerður viðauki við samninginn og hann framlengdur frá 25. mars 2024 til 30. ágúst 2024 samtals að fjárhæð EUR 36,8 milljónir. Í ágúst 2024 var endurkaupasamningurinn framlengdur frá 30. ágúst 2024 til 27. desember 2024 sem nemur 370.700 kolefnisinneigna með endurkaupsverði að fjárhæð EUR 26,4 milljónir. Í desember 2024 var gerður viðauki við endurkaupasamninginn sem var með uppgjörsdags 27. desember 2024 með nýjun uppgjörsdegi, 22 ágúst 2025 og nemur endurkaupsverðið EUR 25,6 milljónir.

Samkvæmt endurkaupasamningnum heldur félagið eftir nánast öllum ávinningi eignanna og hefur því bókfært viðskiptin sem fjármögnunarsamning í samræmi við IFRS 9.

17. Afleiður

Á árinu 2024 þá gerði félagið upp alla LME framvirka álsamninga og alla framvirka gjaldmiðlasamninga sem teknir voru í tengslum við byggingu á nýjum boltasteypuskála. Engir samningar voru því opnir í árslok 2024.

Eftirfarandi tafla sýnir fjármálagerninga á gangvirði sem eru ekki tilgreindir sem sjóðstreymisvarnar í lok árs 2024 og 2023:

Gangvirði eigna	31.12.2024	31.12.2023
Hrávörusamningar.....	0	2,989
Framvirkir gjaldeyrisskiptasamningar.....	0	0
	0	2,989
Gangvirði skulda	31.12.2024	31.12.2023
Hrávörusamningar.....	0	0
Framvirkir gjaldeyrisskiptasamningar.....	0	69
	0	69

Hrávörusamningar endurspeгла útistandandi framvirka LME samninga. Framvirkir gjaldeyrisskiptasamningar endurspeгла útistandandi framvirka gjaldeyrisskiptasamninga.

Tafla hér að neðan sýnir bókfærðan hagnað á afleiðusamningum á árinum 2024 og 2023.

	2024	2023
Hrávörusamningar.....	3,118	33,537
Framvirkir gjaldeyrisskiptasamningar.....	(98)	(5,598)
	3,020	27,938

Á árinu 2024 var USD 0,0 milljón hagnaður (2023: USD 2,0 milljón) af hrávörusamningum, við Glencore Int., tengdur aðili.

18. Tengdir aðilar

Tengdir aðilar eru þeir aðilar sem hafa umtalsverð áhrif á félagið, beint eða óbeint, þ.m.t. móðurfélag, eigendur og fjölskyldur þeirra, stórir fjárfestar, lykilstarfsmenn og fjölskyldur sem og aðilar sem er stjórnað af eða eru verulega háðir félaginu, s.s. hlutdeildarfélög og dótturfélög. Viðskipti við tengda aðila hafa verið gerð á sambærilegum grundvelli og viðskipti við ótengda aðila.

Viðskipti við tengd félög árið 2024:

	Keypt þjónusta og vörur	Seld þjónusta og vörur	Kröfur	Skuldir
Norðurál ehf., móðurfélag	8,971	0	1	9,603
Century Aluminum Anodes BV, dótturfélag	122,629	11,690	27,526	31,069
Century Aluminum Company, móðurfélag	5,717	0	0	7,961
Glencore, tengt félag	0	753,779	22,885	25,386
CATCO, tengt félag	226,281	0	0	0
Klafi ehf., dótturfélag	2,219	0	0	0
	<u>365,817</u>	<u>765,470</u>	<u>50,413</u>	<u>74,019</u>

Viðskipti við tengd félög árið 2023:

	Keypt þjónusta og vörur	Seld þjónusta og vörur	Kröfur	Skuldir
Norðurál ehf., móðurfélag	8,666	0	2	6,333
Century Aluminum Anodes BV, dótturfélag	168,989	18,051	30,311	14,216
Century Aluminum Company, móðurfélag	6,472	0	0	5,580
Glencore, tengt félag	49,675	775,332	0	39,212
Jamalco, tengt félag	101,552	0	8	0
Klafi ehf., dótturfélag	1,839	0	0	0
	<u>337,193</u>	<u>793,384</u>	<u>30,321</u>	<u>65,341</u>

19. Leigusamningar

Norðurál Grundartangi ehf. ákvað að beita aðferðum IFRS 16 vegna leigusamninga frá og með 1. janúar 2019. Samkvæmt IFRS 16 eru rekstrarleigusamningar (utan efnahagsreiknings) og fjármögnunarleigusamningar (innan efnahagsreiknings) færðir úr bókhaldi leigusala og fært sem afnotaréttur eignar samkvæmt leigusamningi og á móti samsvarandi skuld leigutaka við leigusala. Eðli viðurkenndra útgjaldaliða vegna rekstrarleigusamninga breytast þar sem félagið færir afskriftir vegna eigna sem eru notaðar til afnotaréttar og vaxtagjalda vegna leigusamninga.

Leigðar eignir eru verksmiðjulóð, vöruhús og bílaleigusamningar. Leigutími er vanalega til 24-36 mánaða fyrir utan leigusamning á verksmiðjulóð sem er til langtímasamningur.

Leigueignir greinast þannig:

	2024	2023
Leigueignir 1.1	2,136	1,171
Afskriftir ársins	(1,126)	(878)
Viðbætur við leigueignir	<u>1,224</u>	<u>1,842</u>
Leigueignir 31.12	<u>2,234</u>	<u>2,136</u>

Áhrif leigusamninga í rekstrarreikningi greinist þannig:

	2024	2023
Vaxtagjöld leiguskuldar	218	130
Afskrift leigueigna	<u>1,126</u>	<u>878</u>
	<u>1,343</u>	<u>1,008</u>

Leiguskuldbinding greinist þannig:

Afborganir 2024 og síðar	1,297	1,003
Afborganir 2025 og síðar	<u>1,031</u>	<u>1,181</u>
Alls leiguskuldbindingar	<u>2,328</u>	<u>2,184</u>

20. Tryggingar

Norðurál Grundartangi ehf. er með atvinnuhúsnæðis- og rekstrarstöðvunartryggingar sem er ætlað að bæta tjón sem myndu stafa af tjóni og af tímabundinni framleiðslustöðvun. Eignatryggingin nemur USD 250 milljónum.

21. Skuldbindingar og ófyrirséðir atburðir

Orkusamningar

Norðurál Grundartangi ehf. hefur gert langtíma orkusamninga við þrjá orkuframleiðendur – HS Veitur, Landsvirkjun og OR. Öll raforka sem Norðurál Grundartanga ehf. kaupir er unnin úr vatnsaflí eða jarðvarma. Þessir raforkukaupasamningar renna út á mismunandi tímabilum frá árinu 2026 til 2036 (með ákvæðum um framlengingu). Raforkukaupasamningarnir við HS og OR eru tengdir við álverð LME á meðan stærri samningurinn við Landsvirkjun byggir á föstu verði sem er að hluta til tengdur við álverð LME en minni samingur við Landsvirkjun 25 MW er tengdur við álverð LME. Sögulega séð hefur öll raforka sem Grundartanga hefur keypt verið afhent á verði sem er tengd við álverð LME.

Hver raforkukaupasamningur inniheldur skuldbindingar um að taka eða greiða fyrir verulegan hluta af heildarorku sem skuldbundið er og er tiltæk samkvæmt slíkum samningum.

Annað

Norðurál Grundartangi ehf. er með gildandi samning við Glencore International til loka árs 2029 og við Concord Resources Limited fyrir árið 2024, vegna sölu á öllu framleiddu áli á þessum árum. Samningar þessir er byggður á markaðsverði LME á áli auk álags við sölu innan Evrópusambandsins.

Norðurál Grundartangi ehf. er með samning um kaup á forskautum við Century Aluminum Vlissingen B.V. Samningurinn er í gildi út árið 2027 með framlengingarákvæði. Á samningstímanum skal Century Aluminum Vlissingen B.V. afhenda Norðráli Grundartanga árlegt magn skauta í samræmi við framleiðsluáætlun sem báðir aðilar hafa samþykkt.

Norðurál Grundartangi hefur gert skammtímasamninga við hina ýmsu birgja fyrir lykil hráefni til framleiðslu á áli. Lykil hráefni eru til að mynda súrál, bakskaut og álflúor.

22. Reikningsskilaaðferðir

Mat og ákvarðanir

Við gerð ársreiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, á upplýsingar í skýringum og á tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Áhættustjórnun

Sem alþjóðlegur framleiðandi á áli er rekstaraafkoma og sjóðstreymi frá rekstri háð sveiflum á markaðsverði á áli, hræfnum og orku. Félagið getur í einhverjum tilfellum stofnað til fjárhagslegra samninga til að stýra áhrifum vegna sveiflu á markaðsverðum. Afleiðusamningar og áhættuvarnargerningar eru metnir á skráðu markaðsverði. Gangvirðisbreytingar af afleiðusamningum og áhættuvarnargerningum eru færðir í gegnum rekstrarreikning á því reikningsskilatímabili sem þær eiga sér stað.

Breytingar á gangvirði afleiðusamninga sem eru með virkar áhættuvarnir vegna framtíðar sjóðstreymis er fært á eigið fé. Breyting á gangvirði annarra afleiðusamninga er fært í rekstrarreikning á gengi uppgjörss dags.

Skráning tekna

Tekjur af vörusölu og þjónustu eru færðar þegar til þeirra hefur verið unnið. Vörusala er skráð þegar vörur eru afhentar eða verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi flyst yfir til kaupanda. Þjónustutekjur eru færðar þegar þjónustan hefur verið innt af hendi. Sala er sýnd í rekstrarreikningi að teknu tilliti til afslátta.

Vaxtatekjur eru færðar fyrir viðkomandi tímabil í samræmi við viðeigandi höfuðstól og vaxtaþrósentu.

Erlendir gjaldmiðlar

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru upprunalega færð á gengi þess dags sem viðskipti eiga sér stað. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi uppgjörss dags. Gengismunur vegna viðskipta í erlendum gjaldmiðlum er færður í rekstrarreikning.

Skattamál

Tekjuskattur er reiknaður og færður í ársreikninginn. Útreikningur hans byggir á afkomu fyrir skatta að teknu tilliti til varanlegra mismuna á skattalegri afkomu og afkomu samkvæmt ársreikningi. Tekjuskattshlutfall ársins 2024 er 21% samanborið við 20% árið 2023.

Tekjuskattur til greiðslu er tekjuskattur sem áætlað er að komi til greiðslu á næsta ári vegna skattskylds hagnaðar ársins auk leiðréttinga á tekjuskatti til greiðslu vegna fyrri ára.

Frestaður tekjuskattur stafar af mismun efnahagsliða í skattuppgjöri annars vegar og ársreikningi hins vegar. Mismunurinn stafar af því að tekjuskattstofn félagsins er miðaður við aðrar forsendur en reikningsskil þess.

Tekjuskattseign er metin á reikningsskiladegi og er einungis færð að því marki sem líklegt er að hún nýtist á móti skattskyldum hagnaði í framtíðinni.

Fyrirtækið er samskattað með móðurfélagi sínu Norðurál ehf.

Birgðir

Vörubirgðir og aðrar vörur í vinnslu eru metnar á kostnaðarverði/framleiðsluverði eða hreinu söluverði, hvort sem lægra reynist. Kostnaðarverð birgða samanstendur af kostnaði við öflun þeirra ásamt öðrum kostnaði sem fellur til við að koma birgðunum í söluhæft ástand. Framleiðslukostnaður samanstendur af hráefnikostnaði, launakostnaði og óbeinum kostnaði vegna framleiðslunnar. Hreint söluverði er áætlað söluverð í venjulegum viðskiptum að frádregnum áætluðum sölukostnaði.

22. Reikningsskilaaðferðir (framhald)

Varanlegir rekstrarfjármunir

Eignir eru skráðar meðal varanlegra rekstrarfjármuna þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast félaginu og hægt er að meta kostnað vegna eignarinnar með áreiðanlegum hætti. Varanlegir rekstrarfjármunir eru annað hvort færðir á afskrifuðu kostnaðarverði eða á endurmetnu gangvirði. Samkvæmt reikniskilaðferðum um meðferð varanlegra rekstrarfjármuna metna á afskrifuðu kostnaðarverði, þá eru varanlegir rekstrarfjármunir upphaflega skráðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum og virðisrýrnun ef við á. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eigninni í tekjuhæft ástand. Þegar varanlegir rekstrarfjármunir eru færðar á endurmetnu gangvirði, þá eru gangvirði metið á uppgjörssdegi að frádregnum afskriftum og virðisrýrnun ef við á.

Breyting á endurmati varanlegra rekstrarfjármuna er fært á bundinn endurmatsreikning á meðal eigin fjár að teknu tilliti til tekjuskattsáhrifa. Endurmatsreikningur meðal eigin fjár er leystur upp með færslu á óráðstafað eigið fé til jafns við árlega afskrift endurmats í rekstrarreikningi, en afskriftir í rekstrarreikningi munu hækka sem nemur afskriftum af endurmatshækkuninni.

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti af kostnaðarverði miðað við eignarhaldstíma á árinu að teknu tilliti til væntanlegs hrakvirðis.

Hagnaður eða tap vegna sölu eigna er mismunur söluverðs og bókfærðs verðs eigna á söludegi og er fært í rekstrarreikning.

Virðisrýrnun

Á reikningsskiladegi er bókfært verð eigna metið með tilliti til virðisrýrnunar. Komi fram vísbending um virðisrýrnun er endurheimtanlegt virði eignarinnar metið í því skyni að hægt sé að ákvarða hversu viðtæk virðisrýrnun er (sé um slíkt að ræða).

Endurheimtanlegt virði er annað hvort hreint söluvirði eða nýtingarvirði eignar, hvort sem hærra er. Við mat á nýtingarvirði er notað vænt fjárstreymi sem fært hefur verið til núvirðis með vaxtaþrósentu sem viðeigandi er við fjármögnun slíkrar eignar að teknu tilliti til skatta. Þegar ekki er hægt að meta endurheimtanlegt virði einstakra eigna þá metur félagið endurheimtanlegt virði þeirrar sjóðskapandi einingar sem eignin fellur undir.

Sé endurheimtanlegt virði eignar eða fjárskapandi einingar metið lægra en bókfært verð er bókfært verð eignarinnar lækkað í endurheimtanlegt virði. Virðisrýrnun fjárskapandi eininga er fyrst færð til lækkunar á tengdri viðskiptavild, en síðan til hlutfallslegrar lækkunar á bókfærðu verði annarra eigna einingarinnar. Tap vegna virðisrýrnunar er fært í rekstrarreikning.

Ef áður færð virðisrýrnun á ekki lengur við er bókfært verð eignarinnar hækkað aftur, þó ekki umfram upphaflegt kostnaðarverð. Virðisrýrnun viðskiptavildar er ekki heimilt að bakfæra.

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu. Niðurfærslan er ekki endanleg afskrift heldur er myndaður mótveikningur til að mæta hugsanlegu tapi sem kann að myndast í framtíðinni. Viðskiptakröfur í öðrum myntum en USD hafa verið umreiknað í USD miðað við gengi í lok reikningsskiladags.

Lán frá og til tengdra aðila og lántökukostnaður

Lán frá og til tengdra aðila eru færð á gangvirði auk alls viðskiptakostnaðar. Eftir upphaflega skráningu eru lán vegna tengdra aðila færð á afskrifuðu kostnaðarverði með notkun virkra vaxta.

Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til gengismunar á gengi uppgjörssdags.

Skuldbindingar

Skuldbindingar eru færðar upp í efnahagsreikningi ef líklegt þykir að félagið verði fyrir fjárhagslegum útgjöldum í framtíðinni vegna tiltekins atburðar eða viðskipta og hægt er að meta fjárhæð hennar með áreiðanlegum hætti.

Stjórnarháttayfirlýsing

Norðurál Grundartangi ehf. er í eigu Norðurál ehf. sem er í eigu erlends móðurfélags, Century Aluminum. Erlent eignarhald mótar stefnu félagsins í stjórnarháttum að vissu marki. Century Aluminum gefur út innri leiðbeiningar um stjórnarhætti sem eru aðgengilegar á heimasíðu félagsins, sem eiga við Norðurál. Century Aluminum er hlutafélag skráð í NASDAQ kauphöllinni undir táknu „CENX“ og sem slíkt félag verður það að fylgja ströngum reglum um stjórnarhætti eins og sést af birtum innri leiðbeiningum um stjórnarhætti. Norðurál fylgir þessum innri leiðbeiningum sem og öllum viðeigandi íslenskum lögum og reglum um stjórnarhætti sem varða Norðurál.

Lög, reglur og reglugerðir

Eftirfarandi listi er viðeigandi við rekstur Norðurál Grundartanga ehf.:

Lög um ársreikninga
Lög um einkahlutafélög
Lög um hollustuhætti og mengunarvarnir
Samkeppnislög
Persónuverndarlög
Lög um peningaþvætti
Lög hér að ofan eru aðgengileg á www.althingi.is

Rekstur félagsins er einnig í samræmi við rekstrarleyfi Umhverfisstofnunar sem er aðgengilegt á www.ust.is

Innra eftirlit og áhættustýring

Stjórn félagsins ber ábyrgð á öflugum og skilvirkum innra eftirliti félagsins. Jafnframt ber stjórn Norðuráls ábyrgð og innleiðingu og viðhaldi á viðeigandi eftirlitsferlum félagsins.

Innra eftirlit er hannað í þeim tilgangi að veita hæfilega vissu um að fjárhagsupplýsingar séu í samræmi við setta reikningsskilastaðla. Stjórn Norðuráls metur skilvirkni innra eftirlits sem er byggt á Alþjóðlegu regluverki gefið út af COSO og í Sarbanes Oxley reglugerðinni frá 2002, fyrir félög sem eru skráð á markað í Bandaríkjunum, sem hluti af ársreikningi Century Aluminum. Hönnun og virkni innra eftirlits er endurskoðað af Deloitte.

Öflug áhættustýring hefur verið innleidd hjá Norðuráli Grundartanga og metur félagið að helstu áhættur þess séu: Viðskiptaáhætta, fjármögnunaráhætta, rekstraráhætta og umhverfisáhætta. Stjórn félagsins og stjórnunarteymi Norðuráls Grundartanga fær reglulega skýrslur sem taka á helstu áhættum félagsins.

Meginmarkmið stjórnar að teknu tilliti til öflugs innra eftirlits og áhættustýringar er að stuðla að því að Norðurál Grundartanga nái settum markmiðum varðandi tilgang félagsins, skyldur, tekjur, áreiðanleika fjárhagsupplýsinga og að félagið fylgi lögum og reglum.

Norðurál Grundartanga ehf. hefur ekki tilnefnt regluvörð félagsins en innan móðurfélagsins er deild sem sér um regluvörslu félaga sem undir það heyra. Innri endurskoðun félagsins er undir eftirliti innri endurskoðunardeildar Century Aluminum að viðbætti útivistun til KPMG sem framkvæmir útekt árlega á samstæðu félagsins.

Sjálfbærni og siðareglur

Norðurál leggur áherslu á að starfsemi fyrirtækisins sé í sátt við umhverfið. Stöðugt er unnið að lágmörkun umhverfisáhrifa og ábyrgri nýtingu orku og hráefna. Norðurál stuðlar að aukinni umhverfisvitund og þátttöku starfsfólks í umbótum. Norðurál Grundartangi ehf. uppfyllir kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum og reglum um umhverfismál.

Siðareglur Norðuráls Grundartanga eru aðgengilegar á vefsíðu félagsins.

Stjórnarháttayfirlýsing (framhald)

Samsetning og athæfi stjórnar

Stjórn Norðuráls Grundartanga ehf. fer með æðsta vald í málefnum félagsins á hluthafafundum.

Stjórn ber ábyrgð á að skipulag og rekstur Norðuráls Grundartanga ehf. sé í góðu ástandi. Stjórn ber ábyrgð á framþróun og langtímamarkmiðum Norðuráls Grundartanga ehf. og hefur eftirlit með daglegum rekstri þess.

Stjórnin er samsett af fimm einstaklingum, tveimur konum og þremur körlum. Ekkert þeirra er talið óháð félaginu eða hluthöfum þess þar sem þau starfa öll innan samstæðunnar.

Stjórnin er samsett af eftirfarandi einstaklingum:

John DeZee, stjórnarformaður, fæddur 1963 og er búsettur í Bandaríkjunum. Hann hlaut B.A. gráðu frá Whitman og J.D. gráðu frá Berkeley lagaháskólanum. Hann gekk til liðs við Century Aluminum árið 2008 sem aðstoðar aðallögfræðingur félagsins. Eftir að hafa tekið að sér ábyrgðameiri störf hjá félaginu, tók John DeZee við stöðu sem stjórnandi og aðallögfræðingur félagsins í maí 2021. Áður en hann hóf störf hjá Century Aluminum starfaði hann sem lögmaður hjá Paul Hasting í Los Angeles og sem aðallögfræðingur hjá James Hardie Buildings Products.

Gunnar Guðlaugsson, stjórnarmaður, fæddur 1960. Hann er með Meistaragráðu í rafmagnsverkfræði og diplómu í viðskipta- og rekstrarfræði. Hann hóf störf árið 2021 sem stjórnandi hjá Century með yfirumsjón með rekstri allra álvera félagsins ásamt því að starfa sem forstjóri Norðuráls. Hann var framkvæmdastjóri hjá Norðurál Grundartanga frá 2009, stjórnandi hjá ýmsum deildum hjá ÍSAL frá 2000 og verkfræðingur hjá ÍSAL 2008. Hann hefur sinnt mörgum verkfræðistörfum frá 1994.

Robert Hoffman, stjórnarmaður, fæddur 1969. Hann útskrifaðist með BS próf í reikningsskilum frá Golden State háskóla, meistarapróf í fjármálum frá Saint Mary's háskóla og er löggildur endurskoðandi (óvirk réttindi). Hann gekk til liðs við Century árið 2004. Eftir að hafa gegnt ýmsum verkefnum hjá Century við reikningshald, fjármál og upplýsinagtækni, var Robert skipaður deildastjóri fjármálasviðs árið 2021. Áður en hann hóf störf hjá Century Aluminum starfaði hann sem aðalbókari hjá The Granite Rock Company og hjá endurskoðunarfyrtækjunum Mowat Mackie & Anderson og Deloitte.

Sigrún Helgadóttir, stjórnarmaður, fædd 1968. Hún er með Cand.oecon. gráðu í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands og MBA gráðu frá Norwegian School of Management (BI). Hún gegnir stöðu framkvæmdastjóra álversins Grundartanga frá 2021, áður var hún framkvæmdastjóri mannauðs og innkaupa. Áður en hún gekk til liðs við Norðurál starfaði hún hjá Kaupþingi, Kauphöllinni í Osló og Verðbréfaþingi Íslands, nú Nasdaq Ísland.

Hólmfríður Kristjánsdóttir, stjórnarmaður, fædd 1973. Hún er með Cand.jur frá Háskóla Íslands og MBA gráðu. Hún er meðlimur í lögmannafélagi Íslands. Hún hefur gegnt stöðu lögfræðings hjá Norðuráli frá árinu 2023. Áður starfaði hún hjá lífeyrissjóði hjá Landsbankanum, yfirmaður lögfræðisviðs Deloitte og hefur unnið hjá sumum af stærstu lögfræðiskrifstofum á Íslandi. Hólmfríður hefur stundað lögmennsku síðan árið 1999.

Fjórir stjórnarfundir voru haldnir árið 2024. Allir stjórnarmeðlimir voru viðstaddir fundina sem og fjármálastjóri, fulltrúi frá lögfræðiteymi Century og aðallögfræðingur félagsins. Erlendir stjórnarmenn og fulltrúar sátu fundi símleiðis. Starfsreglur stjórnar voru samþykktar af stjórn á árinu 2021.

Undirnefndir stjórnar

Stjórn Norðuráls Grundartanga skipaði endurskoðunarnefnd í maí 2021. Endurskoðunarnefnd skipa: Jóhann Geir Harðarson, Fríða Aðalgeirsdóttir og Sigrún Helgadóttir. Endurskoðunarnefnd hélt 5 nefndarfundi á árinu 2024.

Stjórnarháttayfirlýsing (framhald)

Framkvæmdastjórn

Forstjóri hefur yfirumsjón með daglegum rekstri Norðuráls Grundartanga í samræmi við stefnur og reglur settar af stjórn félagsins. Forstjóri skal m.a. reglulega upplýsa stjórn um stöðu fjármála, skipulags, framþróunar og reksturs hjá félaginu. Forstjóri félagsins skal starfa með heiðarleika og hagsmuni Norðuráls Grundartanga að leiðarljósi.

Gunnar Guðlaugsson er forstjóri Norðuráls Grundartanga ehf.

Samskipti við hluthafa

Stjórn ber ábyrgð á samskiptum og upplýsingagjöf til hluthafa.

Samskipti við hluthafa eru á aðalfundi, hluthafafundum og settum viðbótarfundum vegna ákveðinna mála ef þörf er talin á.

Stjórn félagsins skal vera upplýst um allar fyrirspurnir og tillögur frá hluthöfum félagsins og hafa eftirlit með viðbrögðum Norðuráls Grundartanga við þeim.

Upplýsingar um fylgni við lög og reglur

Norðurál Grundartanga átti ekki í neinum málaferlum né á yfir höfði sér sektir vegna ársins 2024.

Ófjárhagsleg upplýsingagjöf

Um Norðurál Grundartanga ehf.

Norðurál Grundartangi ehf. rekur álver á Grundartanga Íslandi og framleiðir ál á ábyrgan, öruggan og samkeppnisfæran hátt. Gæðastjórnun er háð reglulegum úttektum og stöðugum umbótum. Allt starfsfólk er hvatt til að taka þátt í að viðhalda og bæta gæði framleiðslunnar á öllum sviðum.

Framleiðsla Norðuráls Grundartanga ehf. fyrir árið 2024 var 308.335 tonn, sem er um 2.100 tonna samdráttur í framleiðsla frá árinu 2023. Félagið vinnur að því að auka framleiðslugetu sína og hyggst halda áfram þeirri þróun á komandi árum.

Norðurál Grundartangi ehf. er hluti af viðskiptakerfi ESB um lækkun losunar á gróðurhúsalofttegundum. Sú losun sem er beintengd framleiðsluferlinu fellur undir viðskiptakerfi Evrópusambandsins með losunarheimildir. Markmið þess er að draga úr losun frá framleiðslu stærri iðnfyrirtækja í Evrópu. Í samræmi við skuldbindingar Íslands gagnvart Parísarsamkomulaginu hefur Norðurál sett sér markmið um að losun gróðurhúsalofttegunda (GHL), sem ekki fellur undir viðskiptakerfi ESB, skuli árið 2030 hafa dregist saman um a.m.k. 55% miðað við árið 2015. Jafnframt skuli urðun á blönduðum úrgangi hafa dregist saman um minnst 55% fyrir árið 2030 miðað við árið 2015.

Norðurál Grundartangi ehf. hefur hlotið hina alþjóðlegu ASI vottun (Aluminium Stewardship Initiative) um umhverfisvæna og ábyrga framleiðslu, fyrst álfyrirtækja á Íslandi. Vottunin staðfestir að starfsemi og viðskiptahættir Norðurál Grundartanga ehf. eru samfélagslega ábyrg og framúrskarandi á sviði umhverfisvænnar álframleiðslu. Gæðastjórnunarkerfi Norðuráls Grundartanga ehf. er vottað samkvæmt alþjóðlegu ISO 9001 staðlinum. Umhverfis- og öryggisstjórnunarkerfi eru vottuð samkvæmt alþjóðlegu ISO 14001 og ISO 45001 stöðlunum. Stöðugt endurmat og endurbætur á ferlum fyrirtækisins á sviði umhverfis- og öryggismála er tryggt. Norðurál Grundartangi ehf. hefur hlotið jafnlaunavottun með gullmerki PwC við innleiðingu ÍST 85:2012 staðalsins sem sýnir að hjá fyrirtækinu er starfsfólki greidd laun eftir ábyrgð, sérþekkingu og vinnuframlagi, ekki kyni eða uppruna.

Norðurál Grundartangi framleiðir ál samkvæmt þörfum viðskiptavina á ábyrgan, öruggan og samkeppnisfæran hátt. Lögð er áhersla á gæðavitund starfsfólks og þátttöku í stöðugum umbótum. Norðurál er ábyrgur þegn í samfélaginu og uppfyllir lög og reglur um starfsemi fyrirtækisins. Gæðastjórnunarkerfi er reglulega rýnt og endurbætt. Gæðastjórnunarkerfi er í stöðugu endurmati og endurbætur á ferlum fyrirtækisins á sviði umhverfis- og öryggismála er tryggt. Markmið Norðuráls Grundartanga ehf. eru ánægðir viðskiptavinir, skilvirk framleiðsla og framúrskarandi afurðir.

Frekar upplýsingar um Norðurál Grundartanga ehf. og þar á meðal sjálfbærnisráðgjöf eru aðgengilegar á heimasíðu félagsins, www.nordural.is.

Umhverfið

Álfframleiðsla leiðir til talsverðar losunar á koltvísýringi (CO₂). Norðurál leggur mikla vinnu í að halda losun í lágmarki og að kolefnisspor áls frá Norðuráli sé með því lægsta á heimsvísu. Sú losun gróðurhúsalofttegunda sem er beintengd framleiðsluferlinu fellur undir viðskiptakerfi Evrópusambandsins með losunarheimildir (ETS-Emission trading system). Norðurál hefur náð góðum árangri í að takmarka losun gróðurhúsalofttegunda sem fellur undir viðskiptakerfið. Þannig var staðbundin losun við álframleiðslu hjá Norðuráli 2,1 tonn CO₂-ígilda á hvert framleitt tonn árið 2006 en árið 2024 var losunin 1,59 tonn á hvert framleitt tonn.

Aðgerðaáætlun í loftslagsmálum

Aðgerðaáætlun Norðuráls í loftslagsmálum samanstendur af 10 aðgerðum sem er ætlað að vera leiðarvísir fyrirtækisins að settu marki um 55% samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda og almennum blönduðum úrgangi árið 2030 miðað við árið 2015. Áætlunin gerir grein fyrir stærstu losunarpáttum í starfsemi fyrirtækisins sem falla ekki undir viðskiptakerfi ESB um losunarheimildir. Aðgerðaáætlunin er í samræmi við Parísarsamkomulagið sem Norðurál er aðili að.

Ófjárhagsleg upplýsingagjöf (framhald)

Við gerð áætlunar um aðgerðir til að draga úr losun vegna rekstrarþátta utan viðskiptakerfis með losunarheimildir voru notuð viðmið The Greenhouse Gas Protocol til að greina losun, en það er alþjóðlegt kerfi hannað til að samræma gerð kolefnisbókhalda. Megináhersla er lögð á að meta beina losun frá starfsemi Norðuráls, þ.e. frá vélum og tækjum og kælimiðlum, en að auki var metin losun vegna starfstengdra flugferða og samaksturs starfsfólks á bílum Norðuráls, ásamt losun vegna förgunar á blönduðum úrgangi. Í aðgerðaáætluninni er því reiknuð losun frá fimm þáttum í starfseminni en þær aðgerðir sem eru settar fram ná til fleiri þátta.

Umhverfisvöktun

Umhverfisvöktun felur í sér rannsóknir og eftirlit á yfir 100 mælipáttum á Grundartanga og nærliggjandi svæðum. Tilgangurinn er að ganga úr skugga um að starfsemi Norðuráls og annarra fyrirtækja á Grundartanga hafi ekki neikvæð áhrif á umhverfið. Umhverfisvöktunin er framkvæmd af óháðum aðilum.

Grænt bókhald

Norðurál Grundartangi heldur Grænt bókhald og skilar árvisst til Umhverfisstofnunar eins og kveðið er á um í lögum nr. 821/2002. Grænt bókhald er nákvæm skrá yfir allt efni sem kemur til álversins og allt sem fer frá því. Markmið félagsins er að nýta allt hráefni eins vel og kostur er og gera ítarlega grein fyrir því hvað verður um öll óæskileg efni. Grænt bókhald bætir umhverfismenningu fyrirtækja með beinum og óbeinum hætti. Það eykur varkárni í meðhöndlun óæskilegra efna, auðveldar starfsfólki að leita nýrra leiða til að lágmarka losun og soun, og hvetur til ábyrgrar umgengni um hráefni og nærumhverfi.

ASI

Norðurál Grundartangi ehf. hefur hlotið hina alþjóðlegu ASI vottun um umhverfisvæna og ábyrga framleiðslu, fyrst þeirra álfyrirtækja sem starfa á Íslandi. ASI vottunin tekur til 59 þátta í starfsemi fyrirtækisins, allt frá öflun hráefnis um allan heim að endanlegri afurð. Alþjóðlega gæðavottunarfyrirtækið DNV-GL annaðist ítarlega úttekt á þremur meginstöðum í starfsemi Norðuráls: Stjórnun og rekstri, umhverfisáhrifum framleiðslunnar og samfélagslegri ábyrgð fyrirtækisins. Vottunin staðfestir að Norðurál stenst ítrustu kröfur um heiðarlega og ábyrga viðskiptahætti, umhverfisvænt hráefni og framleiðslu.

Nýsköpun

Norðurál er samstarfsaðili í alþjóðlega CarbFix verkefninu, þar sem skoðað er hvort aðferðin geti orðið raunhæfur kostur, bæði tæknilega og fjárhagslega, til þess að draga úr losun CO₂ frá stóriðju á Íslandi. Aðferðin felst í að CO₂ er fangað, leyst upp í vatni undir þrýstingi og dælt niður á 500 til 800 m dýpi í basaltjarðlög, þar sem CO₂ binst varanlega í berggrunnum.

Norðurál býr yfir miklum og verðmætum mannauði í fjölbreyttum og reyndum hópi starfsfólks. Innan fyrirtækisins starfar fjöldinn allur af einstaklingum með áratuga reynslu og mikla þekkingu á öllu því sem snertir framleiðslu á áli. Norðurál lítur á það sem hluta af samfélagslegri ábyrgð sinni að miðla slíkum auði, jafnt til fræðasamfélagsins sem og tækni- og nýsköpunariðnaðar. Með því að stuðla að öflugum samstarfi á því sviði getur Norðurál stutt við innleiðingu nýrrar tækni eða aðferða við álframleiðslu sem leiða til skilvirkari starfsemi og mögulega samdráttar í losun gróðurhúsalofttegunda.

Natur-Al™

Árið 2019 kynnti Norðurál Grundartangi ehf. á markað nýja vörulínu undir merkinu Natur-Al™, sem hefur eitt lægsta kolefnisspor sem völ er á í heiminum. Framkvæmd var lífsferilsgreining þar sem farið var í gegnum allt framleiðsluferlið, frá því að báxít er grafið upp og þar til fullunnið ál er komið til viðskiptavinar. Umhverfisáhrif allra hlekkja í framleiðslukeðjunni voru metin og skrásett. Þar sést svart á hvítu hvar og hvernig má haga innkaupum og hanna framleiðsluferlið til að lágmarka umhverfisáhrif. Afrakstur þeirrar vinnu er vörulínan Natur-Al™ sem er skrásett vörumerki beggja vegna Atlantshafsins.

Ófjárhagsleg upplýsingagjöf (framhald)

Ál undir merkjum Natur-Al™ hefur kolefnisspor sem jafngildir 4 tonnum kolefnisígilda á hvert tonn af áli, og er þar allt tekið með í reikninginn - frá öflun baxíts og vinnslu áloxíðs til álvinnslu og flutnings alla leið til kaupanda. Heildarlosun kolefnisígilda við framleiðslu Natur-Al er innan við fjórðungur af meðallosun álframleiðslu í heiminum, sem er um 18 tonn á hvert tonn af áli.

Umhverfisstefna

Norðurál leggur áherslu á að starfsemi fyrirtækisins sé í sátt við umhverfið. Stöðugt er unnið að lágmörkun umhverfisáhrifa og ábyrgri nýtingu orku og hráefna. Norðurál stuðlar að aukinni umhverfisvitund og þátttöku starfsfólks í umbótum. Norðurál uppfyllir kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum og reglum um umhverfismál. Umhverfismarkmið félagsins eru: lágmörkun losunar, starfsfólk þekki umhverfisáhrif starfseminnar og ábyrg endurnýting og förgun.

Áhrif á samfélagið

Norðurál Grundartangi ehf. er stærsti vinnustaður á Vesturlandi og gegnir lykilhlutverki í samfélaginu. Ekki aðeins sem helsta tekjulind þúsunda starfsmanna vegna beinna og óbeinna starfa heldur einnig fyrir efnahagslega, umhverfislega og félagslega velferð svæðisins í heild. Þessu hlutverki fylgir ábyrgð sem við tökum alvarlega, auk þess sem við skuldbindum okkur til að starfa vel innan ramma settra laga og reglugerða. Norðurál gegnir lykilhlutverki fyrir Akranes og nærsveitir, en þar býr meirihluti starfsfólksins, auk fjölda annarra sem veita okkur margvíslega þjónustu. Í lok árs 2024 búa um 65% starfsmönnum félagsins á Akranesi eða nærsveitum.

Samfélagsverkefni

Norðurál styrkir ýmis samfélagsverkefni. Félagið er stoltur styrktaraðili Knattspyrnufélagsins ÍA á Akranesi og Knattspyrnufélagsins Vals á höfuðborgarsvæðinu, með áherslu á styrki til starfs í yngri flokkum. Norðurálsmótið, fótboltamót fyrir 5-8 ára börn, eru haldið á hverju sumri á Akranesi.

Starfsfólk

Meðalfjöldi starfsmanna félagsins á árinu 2024 var 645 samborið við 614 á árinu 2023. Lítil starfsmannavelta er hjá félaginu en félagið telur að það megi rekja til metnaðar í lykilþáttum á borð við kaup og kjör, aðbúnað og öryggi, möguleika til framgangs í starfi og almennrar vellíðunar á vinnustað. Það skili sér í hóflegri starfsmannaveltu og stöðugleika í rekstri. Meðalstarfsaldur starfsfólks hjá fyrirtækinu er um 8 ár.

Mikill meirihluti, eða um 85% af starfsfólki Norðuráls Grundartanga ehf. er aðili að fimm verkalýðsfélögum og kjarasamningum sem eru í gildi. Núverandi samningar eru í gildi til 31. desember 2024. Starfsfólk Norðuráls hefur margvísleg tækifæri til menntunar og þróunar í starfi. Þörf fyrir þjálfun og starfsþróun er metin árlega í samræmi við metnað og hæfni fólks og þarfir fyrirtækisins. Efnilegt starfsfólk er hvatt til áframhaldandi þróunar og þjálfunar.

Norðurál starfrækir stóriðjuskóla með það að markmiði að starfsfólk öðlist meiri starfsánægju og sjálfstraust með aukinni færni, þekkingu og skilningi á lykilferlum við örugga og hagkvæma framleiðslu á áli. Að sama skapi eykur námið verðmætasköpun, styrkir samkeppnisstöðu fyrirtækisins og gerir vinnustaðinn eftirsóknarverðari. Norðurál mismunar ekki á grundvelli kyns, uppruna, trúarbragða eða kynhneigðar. Fjölbreytni styrkir starfsemina og hjálpar félaginu að ná framúrskarandi árangri. Félagið leggur áherslu á jafnan rétt starfsfólks til starfsframa, launa og réttinda og hagar starfsemi þess og viðskiptum með virðingu fyrir mannréttindum. Mannréttinda og jafnréttismarkmið félagsins eru: forvarnir gegn einelti, áreitni og öðru ofbeldi, stuðla að jöfnun kynjahlutfalla, jöfn starfskjör fyrir sambærileg störf.

Ófjárhagsleg upplýsingagjöf (framhald)

Heilsa og öryggi

Á síðustu árum hefur félagið lagt mikla áherslu á öryggismál og lagt áherslu á ábyrgð stjórnenda. Félagið hefur innleitt viðamikla þjálfun í öryggis- og áhættugreiningu, leiðtogaþæfni og atvikarannsóknunum sem hafa leitt til aukinnar þekkingar, ábyrgðar og viðmiða sem bæta starfsþjálfun og starfsvenjur. Félagið stefnir á að vera bæði slysa- og atvikalaust, og eru öryggismál í stöðugri þróun. Áhersla er lögð á virka þátttöku alls starfsfólks í forvörnum og umbótum.

Öryggis- og heilbrigðisstefna: Norðurál hefur öryggi og heilbrigði í fyrirrúmi. Starfsfólk þekki áhættur og örugg vinnubrögð og að ekkert verk eigi að vinna við ótryggar aðstæður. Áhersla er lögð á virka þátttöku starfsfólks í forvörnum og umbótum. Norðurál uppfyllir lög og reglur um öryggis- og heilbrigðismál. Öryggis- heilbrigðismarkmið félagsins eru: öruggur vinnustaður, heilsuvernd starfsfólks og þátttaka starfsfólks í forvörnum.

Jafnrétti

Norðurál stefnir að því að bæta kynjahlutfall félagsins en karlar eru enn í miklum meirihluta. Árið 2017 voru konur 13,3% starfsfólks en á árinu 2024 var hlutfall kvenna að nálgast 30%. Félagið ætlar að auka hlutfall kvenna enn frekar. Eins og við er að búast er hlutur karla stærstur í framleiðslustörfum, þar sem yfir 80% starfsfólks eru karlar. Á öðrum sviðum hefur gengið hraðar að jafna hlut kynjanna og eru konur nú þriðjungur stjórnenda og sérfræðinga hjá fyrirtækinu. Um helmingur æðstu stjórnenda er konur. Norðurál er jafnlaunavottað fyrirtæki og starfar eftir jafnréttisáætlun.

Gagnsæi

Norðurál er einn stærsti orkukaupandi á Íslandi og nýtir um fjórðung allrar raforku sem hér er framleidd. Í nóvember 2020 óskaði Norðurál eftir afléttingu trúnaðar af orkusamningum fyrirtækisins og eru þeir af fjórum langtímasamningum nú aðgengilegir á heimasíðu þess. Norðurál telur eðlilegt að gagnsæi ríki um það verð sem fyrirtækið greiðir fyrir orku sem unnin er á Íslandi. Það sé mikilvægt skref í að auka gagnsæi á íslenskum raforkumarkaði, sem sé til bóta fyrir bæði kaupendur og seljendur raforku, og jafnframt fyrir íslenskan almenning.

Viðskiptasiðferði

Móðurfélag Norðuráls, Century Aluminum Company, og dótturfélög þess hafa einsett sér að ástunda gott siðferði og fara að lögum í viðskiptum um allan heim. Bandarísk og alþjóðleg lög og reglur banna spillta viðskiptahætti, s.s. óeðlilega fyrirgreiðslu og rangfærslur í bókhaldi og öðrum gögnum. Tilgangurinn með stefnunni er að setja upp staðla og verklag sem starfsfólki er skylt að hlíta til að tryggja að farið sé að lögum og tryggja gott orðspor fyrirtækis sem stundar heiðarleg viðskipti.

Siðareglur

Century Aluminum Company, móðurfélag Norðuráls, og öll tengd félög skuldbinda sig til þess að hlíta ströngustu kröfum um heiðarleika, siðferði og ráðvendni í viðskiptum. Stjórnendur skrifa undir siðareglur þar sem settar eru fram skýrar leiðbeiningar til þess að sporna við óheiðarleika og siðleysi í háttsemi og stuðla að því að öll starfsemi félagsins standist þessar kröfur. Starfsfólk má ekki leyfa, bjóða, lofa né veita greiðslur í reiðufé eða öðrum verðmætum, beint eða gegnum þriðja aðila, til opinbers embættismanns eða starfsmanns fyrirtækis í einkageiranum, né til maka, sambýlisaðila, barns eða annars skyldmennis neinna slíkra aðila í þeim tilgangi að hafa áhrif á eða umbuna fyrir gjörðir eða ákvarðanatöku slíkra aðila eða til að öðlast óviðeigandi ávinning. Á sama hátt má starfsfólk og nánasta fjölskylda þeirra ekki krefjast, samþykka né taka við peningagreiðslum eða öðrum verðmætum beint eða gegnum þriðja aðila umfram almennar viðskiptavenjur.

Ófjárhagsleg upplýsingagjöf (framhald)

Flokkunarreglugerð ESB

Almennar upplýsingar

Á árinu 2023, mun Norðurál Grundartangi ehf. birta í fyrsta sinn skýrslugjöf skv. flokkunarreglugerð ESB (EU Taxonomy). Með innleiðingu laga nr. 25/2023, er félögum sem uppfylla ákveðin skilyrði nú skylt að birta ófjárhagslegar upplýsingar skv. 8. gr. flokkunarreglugerðarinnar frá 1. janúar 2023.

Flokkunarreglugerð ESB tók gildi á Íslandi 1. júní 2023 með lögum nr. 25/2023 um upplýsingagjöf um sjálfbærni á sviði fjármálaþjónustu og flokkunarkerfi fyrir sjálfbærar fjárfestingar. Lögin voru afturvirk til 1. janúar 2023 og gilda því um allt fjárhagsárið 2023.

Tilgangur reglugerðarinnar er að skilgreina hvaða atvinnustarfsemi telst vera umhverfislega sjálfbær út frá tæknilegum matsviðmiðum sem koma fram í framseldri reglugerð ESB 2021/2139 og á að stuðla að gagnsæi í sjálfbærniupplýsingagjöf. Til þess að fyrirtæki geti talist umhverfislega sjálfbær í skilningi reglugerðarinnar þurfa þau að uppfylla viðmið fyrir umhverfislega sjálfbæra atvinnustarfsemi skv. 3.gr. reglugerðarinnar. Í fyrsta lagi þarf atvinnustarfsemin að stuðla verulega að einu eða fleiri umhverfismarkmiðum, á sama tíma má hún ekki skaða önnur markmið. Hún þarf að vera stunduð í samræmi við lágmarksverndarráðstafanir og að lokum að hlíta tæknilegum matsviðmiðum.

Umhverfismarkmiðin eru sex: mildun loftslagsbreytinga, aðlögun að loftslagsbreytingum, sjálfbær notkun og verndun vatns- og sjávarauðlinda, umskipti yfir í hringrásarhagkerfi, mengunarvarnir og eftirlit með mengun, og vernd og endurheimt líffræðilegrar fjölbreytni og vistkerfa. Tæknileg matsviðmið fyrir mildun og aðlögun loftslagsbreytingum hafa verið innleidd með framseldri reglugerð ESB 2021/2139 og atvinnustarfsemi sem þar er tekin fram fellur undir upplýsingaskyldu á Íslandi en framseld reglugerð ESB 2023/2486 um önnur umhverfismarkmið og framseld reglugerð ESB 2023/2485 um uppfærslu á loftslagsmarkmiðum tóku gildi innan ESB árið 2023 og bíða innleiðingar hér á landi.

Gerð er krafa á að fyrirtæki birti hlutfall veltu, fjárfestingagjalda og rekstrargjalda fyrir nýliðið rekstrartímabil á hægri starfsemi, það er, starfsemi sem fellur undir flokkunarreglugerðina. Að sama skapi skal birta sömu lykilmælikvarða fyrir starfsemi sem uppfyllir öll viðmið reglugerðarinnar og telst vera samræmd starfsemi eða umhverfislega sjálfbær.

Hæf starfsemi í skilningi reglugerðarinnar

Norðurál Grundartangi ehf. hefur farið yfir starfsemi sína í samræmi við tæknileg matsviðmið þar sem starfsemi félagsins var borin saman við þau tæknilegu matsviðmið sem nú þegar hafa verið birt út frá umhverfismarkmiðunum mildun loftslagsbreytinga og aðlögun að loftslagsbreytingum. Kjarnastarfsemi fyrirtækisins er álframleiðsla og því á eftirfarandi flokkur við stærstan hluta starfseminnar:

3.8 Framleiðsla á áli.

Framleiðsla á áli í Norðurál Grundartanga ehf. er hæf starfsemi skv. skilyrðum flokkunarreglugerðarinnar ESB og telst vera umbreytingarstarfsemi. Í tæknilegum matsviðmiðum er vísað til framleiðslu á áli með vinnslu á hrááli (báxíti) eða endurvinnslu á endurunni áli. Norðurál rekur álver á Grundartanga með kerskálum og steypuskála, þar sem fljótandi áli er stept í hleifa, hreint ál og melmi.

Ófjárhagsleg upplýsingagjöf (framhald)

Samræmd starfsemi

Til þess að starfsemi teljist samræmd og þar með uppfylla skilyrði flokkunarreglugerðarinnar um að vera umhverfislega sjálfbær þarf hún að vera verulegt framlag (e. substantial contribution) og valda ekki umtalsverðu tjóni (e. do no significant harm), auk þess að uppfylla lágmarks verndarráðstafanir. Kröfurnar eru ítarlegar og ljóst að ef að fyrirtæki vilja gefa það út að markmiðin séu uppfyllt með góðri samvisku og þannig að þær standist skoðun þarf mikil grunnvinna að hafa átt sér stað.

Norðurál Grundartanga ehf. vinnur nú að samræmingarmati gagnvart öllum sex umhverfismarkmiðunum og mun auka skýrslugjöf í ársreikningi 2025. Af þeim sökum birtir Norðurál Grundartangi ehf. í ársreikningi 2024 útreikninga lykilmælikvarða á starfsemi sem fellur undir flokkunarreglugerðina en ekki fyrir umhverfislega sjálfbæra starfsemi.

Lykilmælikvarðar

Evrópusambandið hefur gefið út leiðbeiningar um útreikning á lykilmælikvörðum í framseldri reglugerð 2021/2178. Hlutfall veltu, fjárfestingargjalda og rekstrargjalda er reiknað í samræmi við 8.gr. flokkunarreglugerðarinnar. Hins vegar er möguleiki á því að kröfur eða aðferðafræði muni taka breytingum eftir því sem reglugerðin verður uppfærð og getur það haft áhrif á framtíðarútreikninga félagsins.

Velta

Hlutfall veltu samkvæmt skilgreiningu flokkunarreglugerðarinnar nær yfir tekjur sem eru færðar skv. a-lið 82. mgr. alþjóðlegs reikningsskilastaðals (IAS-staðli). Heildar velta í samræmi við skilgreininguna er í samræmi við heildar veltu fyrir árið 2024 eins og hún kemur fram í rekstrarreikningi í ársreikningi. 100% er vegna starfsemi sem sem flokkunarkerfið nær yfir en er ekki umhverfissjálfbær. Sjá hlutföll í töflu yfir veltu á bls. 30.

Fjárfestingarútgjöld

Við höfum úthlutað fjárfestingargjöldum á hæfa starfsemi í samræmi við flokkunarreglugerðina. Fjárfestingargjöld samkvæmt 8. gr. flokkunarreglugerðarinnar samanstanda af viðbótum vegna efnislegra og óefnislegra eigna á rekstrarárinu fyrir afskriftir, niðurgreiðslur og endurmat, að undanskildum breytingum á gangvirði. Fjárfestingarútgjöld námu alls USD 39.150 þúsund á árinu 2024 í samræmi við fjárfestingar ársins í skýringu 8 með ársreikningi. 100% eru vegna starfsemi sem sem flokkunarkerfið nær yfir en er ekki umhverfissjálfbær. Sjá hlutföll í töflu yfir fjárfestingargjöld á bls. 31.

Rekstrargjöld

Flokkunarreglugerðin skilgreinir rekstrargjöld þrengra en almennt gildir um rekstrargjöld í reikningshaldslegum skilningi. Undir rekstrargjöld skal falla beinn kostnaður sem ekki er færður til eignar, sem varðar rannsóknir og þróun, ráðstafanir vegna endurnýjun bygginga, skammtímaleigu, viðhald og viðgerðir og önnur bein útgjöld vegna daglegs viðhalds varanlegra rekstrarfjármuna fyrirtækisins eða þriðja aðila sem starfsemi er útvistað til, sem þörf er á til að tryggja áframhaldandi skilvirka starfsrækslu slíkra eigna. Rekstrargjöld námu alls USD 26.837 þúsund á árinu 2024. 100% vegna starfsemi sem flokkunarkerfið nær yfir en er ekki umhverfissjálfbær. Sjá hlutföll í töflu yfir rekstrargjöld á bls. 32.

Ófjárhagsleg upplýsingagjöf (framhald)

Velta				Viðmið fyrir verulegt framlag						Viðmið, veldur ekki verulegu tjóni									
Atvinnustarfsemi	Númer	Heildarvelta (USD '000)	Hlutfall veltu	Mótvægi við loftslagsbreytingar	Aðlögun að loftslagsbreytingum	Vatns- og sjávarauðindir	Mengun	Hringrásarhagkerfið	Líffræðileg fjölbreytni og vistkerfi	Mótvægi við loftslagsbreytingar	Aðlögun að loftslagsbreytingum	Vatns- og sjávarauðindir	Mengun	Hringrásarhagkerfið	Líffræðileg fjölbreytni og vistkerfi	Lágmarks verndarráðstafanir	Hlutfall veltu sem fellur að flokkunarkerfinu, 2024	Flokkur (Starfsemi sem gerir annarri starfsemi kleift að stuðla að umhverfis-markmiðum)	Flokkur "(umbreytingar- starfemi)"
			%	%	%	%	%	%	%	J/N	J/N	J/N	J/N	J/N	J/N	J/N	%	E	T
A. STARFSEMI SEM FLOKKUNARKERFIÐ NÆR YFIR			100%																
A.1. Umhverfissjálfbær starfsemi (sem fellur að flokkunarkerfinu)																			
			0%	0%	0%	0%	0%	0%	0%	EV	EV	EV	EV	EV	EV	EV	0%		
Velta frá umhverfissjálfbærri starfsemi (sem fellur að flokkunarkerfinu) (A.1)		0	0%	0%	0%	0%	0%	0%	0%	EV	EV	EV	EV	EV	EV	EV	0%	0%	0%
A.2 Starfsemi sem flokkunarkerfið nær yfir en er ekki umhverfissjálfbær (sem fellur ekki að flokkunarkerfinu)																			
Framleiðsla á áli	3.8	793,304	100%																
Velta frá starfsemi sem flokkunarkerfið nær yfir en er ekki umhverfissjálfbær (starfsemi sem fellur ekki að flokkunarkerfinu) (A.2)		793,304	100%																
Alls (A.1+A.2)		793,304	100%																
B. STARFSEMI SEM FLOKKUNARKERFIÐ NÆR EKKI YFIR																			
Velta frá starfsemi sem flokkunarkerfið nær ekki yfir (B)		0	0%																
Alls (A+B)		793,304	100%																

Ófjárhagsleg upplýsingagjöf (framhald)

Fjárfestingarútgjöld				Viðmið fyrir verulegt framlag						Viðmið, veldur ekki verulegu tjóni									
Atvinnustarfsemi	Númer	Heildarvelta (USD '000)	Hlutfall veltu	Mótvægi við loftslagsbreytingar	Aðlögun að loftslagsbreytingum	Vatns- og sjávarauðlindir	Mengun	Hringrásarhagkerfið	Líffræðileg fjölbreytni og vistkerfi	Mótvægi við loftslagsbreytingar	Aðlögun að loftslagsbreytingum	Vatns- og sjávarauðlindir	Mengun	Hringrásarhagkerfið	Líffræðileg fjölbreytni og vistkerfi	Lágmarks verndarráðstafanir	Hlutfall veltu sem fellur að flokkunarkerfinu, 2024	Flokkur (Starfsemi sem gerir annarri starfsemi kleift að stuðla að umhverfis-markmiðum)	Flokkur "(umbreytingar- starfemi)"
			%	%	%	%	%	%	%	J/N	J/N	J/N	J/N	J/N	J/N	J/N	%	E	T
A. STARFSEMI SEM FLOKKUNARKERFIÐ NÆR YFIR			100%																
A.1. Umhverfissjálfbær starfsemi (sem fellur að flokkunarkerfinu)																			
			0%	0%	0%	0%	0%	0%	0%	EV	EV	EV	EV	EV	EV	EV	0%		
Velta frá umhverfissjálfbærri starfsemi (sem fellur að flokkunarkerfinu) (A.1)		0	0%	0%	0%	0%	0%	0%	0%	EV	EV	EV	EV	EV	EV	EV	0%	0%	0%
A.2 Starfsemi sem flokkunarkerfið nær yfir en er ekki umhverfissjálfbær (sem fellur ekki að flokkunarkerfinu)																			
Framleiðsla á áli		3.8	39,150	100%															
Velta frá starfsemi sem flokkunarkerfið nær yfir en er ekki umhverfissjálfbær (starfsemi sem fellur ekki að flokkunarkerfinu) (A.2)			39,150	100%															
Alls (A.1+A.2)			39,150	100%															
B. STARFSEMI SEM FLOKKUNARKERFIÐ NÆR EKKI YFIR																			
Velta frá starfsemi sem flokkunarkerfið nær ekki yfir (B)			0	0%															
Alls (A+B)			39,150	100%															

Ófjárhagsleg upplýsingagjöf (framhald)

Rekstrarútgjöld				Viðmið fyrir verulegt framlag						Viðmið, veldur ekki verulegu tjóni									
Atvinnustarfsemi	Númer	Heildarvelta (USD '000)	Hlutfall veltu	Mótvægi við loftslagsbreytingar	Aðlögun að loftslagsbreytingum	Vatns- og sjávarauðlindir	Mengun	Hringrásarhagkerfið	Líffræðileg fjölbreytni og vistkerfi	Mótvægi við loftslagsbreytingar	Aðlögun að loftslagsbreytingum	Vatns- og sjávarauðlindir	Mengun	Hringrásarhagkerfið	Líffræðileg fjölbreytni og vistkerfi	Lágmarks verndarráðstafanir	Hlutfall veltu sem fellur að flokkunar-kerfinu, 2024	Flokkur (Starfsemi sem gerir annarri starfsemi kleift að stuðla að umhverfis-mark-miðum)	Flokkur "(umbreytingar- starfemi)"
			%	%	%	%	%	%	%	J/N	J/N	J/N	J/N	J/N	J/N	J/N	%	E	T
A. STARFSEMI SEM FLOKKUNARKERFIÐ NÆR YFIR			100%																
A.1. Umhverfissjálfbær starfsemi (sem fellur að flokkunarkerfinu)																			
			0%	0%	0%	0%	0%	0%	0%	EV	EV	EV	EV	EV	EV	EV	0%		
Velta frá umhverfissjálfbærri starfsemi (sem fellur að flokkunarkerfinu) (A.1)		0	0%	0%	0%	0%	0%	0%	0%	EV	EV	EV	EV	EV	EV	EV	0%	0%	0%
A.2 Starfsemi sem flokkunarkerfið nær yfir en er ekki umhverfissjálfbær (sem fellur ekki að flokkunarkerfinu)																			
Framleiðsla á áli	3.8	26,837	100%																
Velta frá starfsemi sem flokkunarkerfið nær yfir en er ekki umhverfissjálfbær (starfsemi sem fellur ekki að flokkunarkerfinu) (A.2)		26,837	100%																
Alls (A.1+A.2)		26,837	100%																
B. STARFSEMI SEM FLOKKUNARKERFIÐ NÆR EKKI YFIR																			
Velta frá starfsemi sem flokkunarkerfið nær ekki yfir (B)		0	0%																
Alls (A+B)		26,837	100%																

Norðurál Grundartangi ehf.
Financial Statements
2024

Norðurál Grundartangi ehf.
Grundartanga
301 Akranes
id.no. 570297-2609

Norðurál Grundartangi ehf.

Financial Statements

2024

Table of Contents

Independent Auditor's Report	2-4
Endorsement by the Board of Directors and Managing Director	5-6
Income Statement	7
Balance Sheet	8
Cash Flow Statement	9
Notes	10-21

Unaudited appendices

Corporate Governance Statement	22-24
Non-Financial Information	25-33

Independent Auditor's Report

To the Shareholders and the Board of Directors of Norðurál Grundartangi ehf.

Opinion

We have audited the Financial Statements of Norðurál Grundartangi ehf. for the year ended December 31, 2024 which comprise, the Income Statement, the Balance Sheet, the Cash Flow Statement for the year then ended, and the Notes to the Financial Statements, including a summary of significant accounting policies.

In our opinion, the accompanying Financial Statements give a true and fair view of the financial position of Norðurál Grundartangi ehf. as at December 31, 2024, and its financial performance and its cash flows for the year then ended in accordance the Icelandic Financial Statement Act.

Our opinion in this report on the Financial Statements is consistent with the content of the additional report that has been submitted to the audit committee in accordance with the EU Audit Regulation 537/2014 Article 11.

Basis for opinion

We conducted our audit in accordance with International Standards on Auditing (ISAs). Our responsibilities under those standards are further described in the Auditor’s Responsibilities for the Audit of the consolidated Financial Statements section of our report. We are independent of Norðurál Grundartangi ehf. in accordance with the International Ethics Standards Board for Accountants’ Code of Ethics for Professional Accountants (IESBA Code) together with the ethical requirements that are relevant to our audit of the Financial Statements in Iceland, and we have fulfilled our other ethical responsibilities in accordance with these requirements and the IESBA Code. This includes that, based on the best of our knowledge and belief, no prohibited services referred to in the EU Audit Regulation 537/2014 Article 5.1 has been provided to the audited company or, where applicable, its parent company or its controlled companies within the EU.

We believe that the audit evidence we have obtained is sufficient and appropriate to provide a basis for our opinion.

Key Audit Matters

Key audit matters are those matters that, in our professional judgement, were of most significance in our audit of the Financial Statements of the current period. These matters were addressed in the context of our audit of the Financial Statements as a whole, and in forming our opinion thereon, and we do not provide a separate opinion on these matters.

Key Audit Matters	How the matter was addressed in our audit
Inventory	
The value of inventory is USD 170,2 million and the company's second largest asset. Inventory is valued at either lower of cost or net realizable value whereas cost is comprised of direct materials and where applicable direct labor costs and overhead cost. As there are complexities and different valuation method based on nature of inventory we have evaluated inventory as key audit matter in our audit.	Our audit focused on management's valuation of inventory at the end of 2024. In our audit, we reviewed the valuation methodology and the management's main assumptions for the valuation, including: - The projections that the net realizable value is based upon. - Assessment of the methodology of measuring cost and where applicable direct labor cost and overhead cost.
Regarding the assessment of the value of inventory, we refer to Note 9 on inventory and Note 21 on significant accounting policies.	We assessed whether the valuation calculations were prepared in accordance with the underlying account method and rules in Iceland. In addition we have evaluated the company’s internal controls regarding the valuation of inventory including existence of inventory.

Independent Auditor's Report

Other information

The Board of Directors and the Managing Director are responsible for the other information. The other information comprises the endorsement by the Board of Directors and Managing Director, statement of corporate governance and non-financial reporting.

Our opinion on the Financial Statements does not cover the other information and we do not express any form of assurance conclusion thereon, except the confirmation regarding report of the Board of Directors as stated below.

In connection with our audit of the Financial Statements, our responsibility is to read the other information and, in doing so, consider whether the other information is materially inconsistent with the Financial Statements or our knowledge obtained in the audit or otherwise appears to be materially misstated. If, based on the work we have performed, we conclude that there is a material misstatement of this other information, we are required to report that fact. We have nothing to report in this regard. Furthermore, in accordance with Paragraph 2 article 104 of the Icelandic Financial Statement Act no. 3/2006, we confirm to the best of our knowledge that the accompanying report of the Board of Directors includes all information required by the Icelandic Financial Statement Act that is not disclosed elsewhere in the Financial Statements.

Responsibilities of the Board of Directors and the Managing Director for the Financial Statements

The Board of Directors and the Managing Director are responsible for the preparation and fair presentation of the Financial Statements in accordance with the Icelandic Financial Statement Act, and for such internal control as the Board of Directors and the Managing Director determines is necessary to enable the preparation of Financial Statements that are free from material misstatement, whether due to fraud or error.

